

Gleðilega hátíð, kæru Kerhraunarar og aðrir gestir,

Ég tók að mér að segja við þetta tilefni nokkur vel valin orð, þá er það spurningin hvað eru vel valin orð ?

Í mínum huga er það til dæmis eitthvað sem einhver hefur sagt áður og þau orð lifa.

Ég get sagt það hér og nú að það hvarlaði að mér af og til þegar ég var að baxa við að byggja kofann okkar Tótu hér upp á C svæði, að eftir að ljóst varð að Orkuveita Reykjavíkur myndi ekki um fyrirséða framtíð leggja hitaveitu hjá okkur, hvort ekki væri rétt að selja og færa sig eitthvað annað þar sem hitaveita væri til staðar. Þetta var 2008 fyrir hrún.

Núna í dag get ég sagt eins og Gunnar á Hlíðarenda sagði forðum daga, “Fögur er hlíðin og ég fer hvergi” Þetta eru vel valin orð að mínu mati og eiga vel við hér í dag, og geri ég þau að mínum.

En áður en ég held áfram, færi ég ykkur bestu kveðjur frá formanni félagsins Elfari Eiríkssyni, en hann gat því miður ekki verið með okkur hér í dag.

Það var fyrir rúmu ári síðan í lok ágúst 2009, þar sem samþykkt var á stjórnarfundum að ég og Elfar myndum setja okkur í samband við Sigurð Jónsson á Hæðarenda og kanna möguleika á því að kaupa af honum heitt vatn fyrir Kerhraunið, Sigurður tók vel í að skoða það, ef nægur fjöldi notenda yrði með.

Næsta skref var svo að í nóvember 2009 gerð var óformleg könnun á meðal húseigenda hér í Kerhrauni hvort áhugi væri til staðar, það reyndist vera, þá var farið í frekari vinnu við að skoða þennan möguleika.

Boðað var svo til formlegs kynningarfundar þann 10 desember og málin kynnt og rædd frekar, þar var samþykkt af ykkur að við myndum keyra málið áfram.

Það var svo snemma síðasta vor sem tókst að safna samann nógu mörgum húseigendum sem vildu taka inn heitt vatn að skrifað var undir samninga við Sigurð á Hæðarenda og stefnt að því að hitaveita yrði klár í lok sumars 2010.

Sumarið fór svo í það hjá Sigurði að leggja stofnlagnir hér á svæðinu, og verð ég að segja að mér finnst það hafa tekist einstaklega vel til og lítið rask hafa hlotist af.

Ég vil þakka þeim Elfari, Finni og Herði sem voru með mér í hitaveitunefndinni fyrir gott starf, og svo auðvitað líka henni Guðrúnu, sem alltaf er með nefið ofan í hvers manns koppi fyrir alla hennar aðstoð og stuðning.

Í dag er sem sagt stóri dagurinn runninn upp, heitu vatni hleypt á svæðið okkar, en áður en vatninu er formlega hleypt á vil ég biðja Sigurð Jónsson á Hæðarenda um að koma hér upp og taka við smá þakklætisvotti frá okkur fyrir vel unnið verk, og með ósk okkar allra um bjarta og góða framtíð Hitaveitu Hæðarenda okkur öllum til hagsbóta.